



GREINARGERÐ ANDABÆJAR 2019-2024



Umhverfisnefnd

Vorið 2005 fékk Leikskólinn Andabær Grænfánann afhentan í fyrsta sinn og hefur því í 20 ár unnið markvisst að umhverfismálum. Við höfum fengið fánann afhendan 7 sinnum frá árinu 2005 en ákveðið var að fresta umsókn um fánann 2021 og sækja um hann síðar. Á því tímabili sem greinagerðin nær til hafa orðið starfsmannabreytingar, heimsfaraldur setti strik í reikninginn þar sem ýmis verkefni voru sett á ís sökum þess að forgangsraða þurfti verkefnum og tók tíma að koma þeim í gang aftur. Á því tímabili sem þessi greinagerð nær til hafa setið tvær umhverfisnefndir sú nýjasta kom saman í fyrsta sinn í mars 2024.

Nanna Lilja hefur tekið við verkefnastjórn Grænfánans og með henni í umhverfisnefnd sitja Aðalheiður, Eydís, Helen og Guðlaug fyrir hönd starfsmanna.

Málefni grænfánans hafa komið fyrir á deildarfundum, deildastjórafundum og starfsdögum skólans. Á þessum fundum hafa verið til umfjöllunar þau verkefni sem við erum að sinna og þau verkefni sem okkur langar til að gera. Þemur voru ákveðin í samráði við starfsfólk og nemendur, áhugasvið hópsins skín í gegn um þemur.

Mat á stöðu umhverfismála

Til að meta stöðu skólans í umhverfismálum er stuðst við innra-mat skólans Barnið í brennidepli, skólapúls foreldra og umhverfisgátlistar frá Landvernd. Starfsmenn fóru yfir gátlistana til að skoða hvar við stöndum og hvað við myndum vilja sjá í næstu þemum.

Á starfsmannafundum og starfsdögum tókum við umræðu um umhverfismál sem er hluti af okkar innra mati, þar er rætt hvað við erum að gera vel og hvað við getum gert betur. Nauðsynlegt er að minna á markmið okkar reglulega til að viðhalda þeim.

Við gerð greinagerðar þá var gerður gátlisti með úrtaki barna og voru tveir listar notaðir, gátlisti um áttthaga og landslag og listi um lífbreytileika.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Markmiðin okkar eru orðin mjög mörg og misauðvelt að halda þeim á lofti. Andabær er búinn að vera í verkefninu frá 2005 og margt hefur breyst bæði í húsnaðismálum og starfsháttum.

Á síðastliðnu tímabili höfum við verið að einbeita okkur að þemunum Áttthagar og landslag og þemanu Lífbreytileiki. Einnig skoðuðum við að taka önnur markmið lengra til að viðhalda gömlum markmiðum. Við gerðum okkur aðgerðaráætlun til að ramma inn það sem við ætlum að gera og sumt breyttist á leiðinni.

Markmiðin sem við settum okkur fyrir tímabilið 2019-2024 voru:

1. Hvar átt þú heima?/hér búum við.

Mikill áhugi er hjá börnunum á því hvar hver á heima enda koma nemendur úr þremur póstnúmerum á mjög dreifðu svæði. Í fyrra skiptið voru foreldrar fengnir í samstarf og tóku myndir af börnunum við útidyr heimilisins síðan bjuggu þau til kort af sínu heimasvæði og merktu inn á kortið hvar þau áttu heima. Í seinna skiptið sem þetta var gert þá var svæðið útvíkkað og þá var gert kort og settar inn myndir af börnum við húsið þeirra. Þetta var þínu flókið því börnin koma frá Hvanneyri, Borgarnesi, Skorradal, Bæjarsveit, Lundarreykjadal og Reykholti. Þetta verkefni var gert aftur því áhugi var mikill hjá börnunum og er mikilvægt að þau viti um sitt nærumhverfi og hvar vinirnir eiga heima.



Verkefnið „Hvar átt þú heima?“ veturinn 2021-2022

2. Minnka notkun pappírs hjá börnum og starfsfólki.

Til að minnka notkun pappírs höfum við ákveðið að hætta að prenta út vinnuskýrslur og nota í stað þess rafræna kerfið Vinnustund. Auk þess höfum við hætt að búa til kladda til innfærslu á börnum og notum í stað þess tölvukerfið Karelle þar sem hægt er að setja inn myndir, skrá mætingu barna, veikindi, svefn og hvernig þau borðuðu þann daginn. Þetta er mjög jákvæð breyting bæði fyrir foreldra og starfsfólk.



3. Hætta notkun skóhlífa í forstofu sem eru úr plasti.

Við höfum undanfarin ár boðið upp á einnota skóhlífar úr plasti fyrir foreldra í forstofu leikskólans. Til að minnka notkun á plasti höfum við ákveðið að klára það sem eftir er af skóhlífunum sem keyptar voru 2018 og hætta svo alfarið notkun þeirra.

4. Halda lengra með markmið síðan 2007-2009 þar sem hætt var að notast við pappírs- og bleyjuburkur. Hætta að nota handklæði í Andabæ og nota í stað fjölnota stykki.

Fyrir þetta markmið fengum við bæði foreldra og starfsfólk til liðs við okkur og báðum alla að koma með gömul handklæði eða klúta sem hægt var að búa niður í stykki sem við notum síðan til að þurrka hendur. Nokkrir starfsmenn sáu svo um að búa niður handklæðin og falda stykkinn. Þetta var mikil vinna og haustið 2020 fengum við liðsstyrk frá kvenfélagskonu á Hvanneyri sem á overlook vél og hún tók á móti okkur og aðstoðaði okkur við að sauma í kringum stykkinn. Skemmtilegt samstarfsverkefni með Kvenfélaginu 19. Júní. Núna eru öll handklæði farin og einungis þvottaklútar fyrir öll börn og starfsfólk Andabæjar.

5. Tengja verkefnin Leiðtögin í mér og Grænánaverkefnið enn betur saman og huga að valdeflingu barna og lýðræði í leikskólanum.

Við ákváðum að láta börnin sjálf um að ákveða og hanna jólagjafir til foreldra sinna úr endurvinnanlegum efnivið. Krakkarnir voru mjög áhugasamir og fengu fullt af góðum

hugmyndum. Við byrjum á jólagjafaferlinu í október og unnið er með það fram í desember. Nú höfum við gert þetta í nokkur ár og er nær allt starfsfólk ánægt með þetta fyrirkomulag, börnin njóta sín í sköpun með opinn efnivið og fá að gera það sem þau vilja með aðstoð starfsfólks.

Jólagjafirnar eru unnar í nokkrum skrefum:

Fyrsta skref: Hugarkort – Kennari sest niður með barni á stað þar sem næði er. Rætt er um jólin og jólagjafir fyrir mömmu og pabba. Skráðir eru niður punktar úr spjallinu og hugarkort gert. **Hugarkort:** Til að hjálpa barninu að kveikja á hugmyndum er rætt um áhugamál mömmu/pabba, hvað þeim finnst skemmtilegt að gera/gott að borða, hvað barninu finnst skemmtilegt að gera með þeim, hvað þeim finnst fallett, uppáhaldslitur o.s.frv. Leiða börnin að áhugamáli foreldra og barnsins, eða sameiginlegu áhugamáli.



Annað skref: Barnið teiknar uppkast af jólagjöfnni. Rætt er um leiðir hvernig barnið sér fyrir sér að gera gjöfina t.d hvaða efnivið og áhöld þarf til.



Þriðja skrefið: Fara með barninu og skoða endurnýtanlegan efnivið sem hægt er að nota og barnið velur sér þann efnivið sem því list á.

Fjórdða skrefið: Vinna að gjöfnni hefst, sem getur tekið nokkur skipti (eftir því hvað á að gera).

Fimmta skrefið: Umbúðir og kort, umræða um útfærslu á því.

Sjötta skref: Barnið útbýr umbúðir og kort fyrir gjöfina.

Sjöunda skrefið: Gjöfnni pakkað og skrifað á kort (ef barnið getur ekki skrifað stafi þá getur barnið teiknað mynd).



Skref átta: Mynd tekin af barninu með tilbúna gjöfina sem er forsíðumyndin á skráningunni.

Mikilvægt er að allt ferlið sé á forsendum barnsins og því geri barnið sem mest sjálft. Gjöfin sjálf er ekki aðalmálið heldur ferlið að býr að baki. Í ferlinu eru skráðir punkta úr samtali milli starfsmanns og barns. Þegar ferlinu er lokið útbýr kennari mynda og textaskráningu af ferlinu fyrir hvert barn sem fer með gjöfnni.

Gerð jólagjafa

6. Samstafsverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands, Menntaskóla Borgarfjarðar, Grunnskóla Borgarfjarðar og Leikskólans Andabæjar um líffræðilegan fjölbreytileika.

Í maí 2009 gerðu öll skólastig á Hvanneyri með sér samstarfssamning. 10 árum síðar eða í maí 2019 var hann svo endurskoðaður og búinn til nýr. Einn þáttur í þessu samstarfi er verkefni sem við tókum þátt í fyrst vorið 2023, þvert á öll skólastig í Borgarbyggð um líffræðilegan fjölbreytileika. Elstu nemendur leikskólans fá fræðslu hjá kennara í Landbúnaðarháskóla Íslands um líffræðilegan fjölbreytileika og hvað það er. Eftir það hittast öll skólastigin fyrir utan Landbúnaðarháskólann og er haldið út og byrjað að skrásetja lífverur á háskólasvæðinu í ákveðið app. Við skráningu er notast við Bioblitz appið sem hægt er að hlaða niður í snjallsíma, tekin er mynd af plöntum, mosum, skordýrum, fuglum eða villtum spendýrum sem appið greinir og skrásetur.



Eftirlit og endurmat

Eftirlit og endurmat hjá okkur í Andabæ er í höndum grænfánanefndar ásamt skólahópnum með aðstoð matslista frá Landvernd og öðrum listum. Einnig eru starfsmenn reglulega hvattir til að vera gagnrýnir og hjálpast að við að uppfylla þau markmið sem við setjum okkur, markmið okkar eru rædd á deildarstjórafundum, starfsmannafundum, starfsdögum og deildarfundum. Við reynum að halda umhverfismenningunni vakandi og að allir séu að reyna að gera sitt besta. Við leiðbeinum hvert öðru á góðan máta og nýir starfsmenn fá fræðslu eins og kostur er. Upplýsingar um verkefnið er einnig í starfsmannahandbókinni okkar.



Endurmat á verkefnum tímabilsins

Hvar átt þú heima?

Þetta var mjög skemmtilegt verkefni og verður haldið áfram með það.

Minnta notkun pappírs hjá börnum og starfsfólki?

Vel tókst til að minnka notkun pappírs á tímabilinu og eru nú vinnuskýrslur og innskráning barna á rafrænu formi. Höfum einnig verið að vinna í að gera verkefni fyrir skólahóp meira fjölnota með því t.d að kaupa plastvasa hugsað til að margnýta verkefni. Þeim fylgdu pennar sem hægt er að stroka út og auðvelt er að skipta um verkefni í þeim.

Hætta notkun skóhlífa

Enn er verið að klára birgðar af skóhlífum frá 2018.

Hætta að nota handklæði

Eingöngu notaðir litir þvottaklútar í dag í stað handklæða og þvottaklútar í stað bleyjuburrkna. Börnin nota svo litla heklaða klúta til að þurrka sér um munn og hendur eftir matinn. Er þetta komið vel inn í menningu okkar og finnst öllum þetta ekkert mál.

Tengja saman leiðtoginn í mér og Grænfánann

Allt starfsfólk tekur þátt í skrá endurmat á jólagjafaverkefninu, þar sem það getur skráð hvað þeim fannst ganga vel og hvað þeim finnst betur megi fara. Þetta verkefni er í stöðugri þróun og gengur það betur með hverju árinu. Á elstu deildinni fá börnin leiðtogahlutverk og er eitt af þeim moltuleiðtogi sem fer með afganga frá ávaxtastund í moltutunnu í garðinum. Í haust var svo farið að stað markvissa útikennslu, þá er farið með öll börn á leikskólanum í skjólbeltin einu sinni í viku fram að hádegismat. Þar er sungið við varðeld, lesnar sögur, höfð ávaxtastund og farið í leiki. Þar er líka boðið upp á stöðvar og eru þær margskonar, stundum er boðið upp á leiðangur í nágrenni skjólbeltisins, fönndra úr efnivið svæðisins, Lubba eða Blæstund, rannsaka hvaða dýr og plöntur finnast á svæðinu og margt fleira.



Samstarfsverkefni um líffræðilegan fjölbreytileika


Það tókst virkilega vel til í samstarfsverkefninu okkar við Landbúnaðarháskólann og var sérstaklega skemmtilegt að þarna væru saman komnir nemendur á öllum skólastigum, frá leikskóla og uppí doktorsnemendur ásamt starfsólki allra skólanna.



Að upplýsa og fá aðra með

Árið 2020 til fyrri parts árs 2022 einkenndust af covid heimsfaraldrinum og kom það niður á starfinu okkar. Á tímamarki komu foreldrar ekki einu sinni inn í leikskólann og einkenndust því samskipti okkar við foreldra mikið af tölvupóst samskiptum, vikupóstum inná Karellen og spjalli í síma. Nýttum við þessi samskipti mikið og gerum enn.

Við höfum síðustu ár haft Leiðtogadag / opið hús að vori á hverju ári. En árið 2020 og 2021 gátum við ekki boðið gestum inn til okkar. Vorið 2022 gátum við loksins haft opið hús og buðum við foreldrum og nánustu fjölskyldum barnanna til okkar og sýndum þeim afrakstur vinnu okkar og kynntum fyrir þeim það sem við höfðum verið að vinna að í Grænfanaverkefninu okkar. Eins og t.d. verkefninu „Hér búum við“ sem lýst var hér að ofan.



Vorið 2023 heldum við upp á þau tímamót að 42 ár eru liðin frá upphafi leikskólastarfs á Hvanneyri, héldum við upp á þau tímamót með Leiðtogadegi / opnu húsi í maí. Við fórum í samstarf með tónlistarskólanum í tilefni Barnamenningarhátíðar Borgarbyggðar og var opna húsið liður í henni. Við buðum foreldrum, forsvarsmönnum Borgarbyggðar og íbúum á Hvanneyri og nærsveitum til okkar í heimsókn að skoða leikskólann og börnin sýndu þeim hvað þau hafa verið að gera í vetur. Við settum auglýsingu á facebooksíðu íbúa Hvanneyrar og nágrennis og einnig á síðu leikskólans. Við sendum listaverk eftir nokkur börn í barnablað Skessuhorns sem gefið var út af þessu tilefni. Þjuggum líka til listaverk á plexigler sem hengt var upp í Geirabakaríi í Borgarnesi. Þetta gekk mjög vel og var gaman. Einnig útbjuggum við tímalínu um leikskólastarf á Hvanneyri í 42 ár og hengdum hana upp á vegg.

Eftir að covid lauk hafa börnin farið í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir í nærumhverfinu og fengið að kynna þá sem verið er að gera þar. Með því að kynna fyrir börnunum stofnanir og fyrirtæki í nærsamfélaginu okkar vita börnin betur hvað er að gerast í húsunum á Hvanneyri og því geta þau meira haft áhrif á samfélagið sitt og komið með ábendingar ef þeim finnst eitthvað þurfa að vera öðruvísi.

Fastir ruslahreinsunardagar eru hjá okkur tvisvar á ári annars vegar í kringum Dag íslenskrar náttúru og síðan á Degi umhverfisins. Þá förum við út að týna rusl í nánasta umhverfi okkar og hvetjum foreldra til að gera slíkt hið sama. Einnig hafa börnin verið dugleg að hvetja foreldra sína þegar heim er komið.

Skiptifatamarkaðurinn okkar hefur verið í pásu frá covid tímum og tilvalið að endurvekja hann. Hugmyndin er að setja upp horn í leikskólanum þar sem foreldrar og starfsfólk geta komið með gömul föt sem ekki nýtast börnunum þeirra lengur og skilið þau eftir ef aðrir foreldrar geta nýtt þau. Þá geta foreldrar komið og skoðað markaðinn og athugað hvort þau finni eitthvað sem þeirra börn geta nýtt. Með þessu sjáum við fyrir okkur að hægt sé að gefa gömlum fötum nýtt

líf og foreldrar spara í leiðinni í fatakaupum. Fyrirhugað er að halda hann 20. febrúar 2025. Einnig hefur komið til tals að hafa skipti á leikföngum annað árið og fót hitt árið.

Umhverfissáttmáli

Umhverfissáttmálinn var unninn á síðasta úttektartímabili. Við sáum ekki ástæðu til að breyta honum að sinni. Hann hefur verið kynntur börnum í starfi og er hann einnig sýnilegur á vegg skólans.

Sáttmálinn var unninn í samvinnu með börnum og umhverfisnefnd einnig voru unnar leiðir hvernig best væri að uppfylla þennan sáttmála.

Umhverfissáttmáli Andabæjar

- ✚ Við berum virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi okkar
- ✚ Við leggjum okkur fram við að stuðla að sjálfbærni svo komandi kynslóðir hafi sömu tækifæri og við til að njóta náttúrunnar
- ✚ Við göngum vel um, bæði innandyrna og utandyra, og hvetjum aðra til að gera slíkt hið sama
- ✚ Við gætum hófsemi í allri notkun og endurnýtum það sem fellur frá okkur eins og kostur er
- ✚ Við gætum að okkar heilsu, andlegri og líkamlegri



Hvernig ætlum við að uppfylla þennan sáttmála?

- ✚ Við gætum þess að umgangast umhverfi okkar og náttúruna af virðingu og alúð
- ✚ Við nýtum nánasta umhverfi og efnivið náttúrunnar í námi, leik og starfi
- ✚ Við plöntum trjáa og ræktum grænmeti og blóm þegar tækifæri gefst
- ✚ Við flokkum ólífrænt sorp eftir fremsta megni og sendum í endurvinnslu eða endurnýtum sjálf
- ✚ Við flokkum lífrænt sorp, komum því í moltugerð og nýtum svo á beðin okkar
- ✚ Til þrifa og þvotta eru valin efni og áhöld sem hafa sem minnst skaðleg áhrif á náttúruna
- ✚ Við förum sparlega með vatn og orku
- ✚ Við hvetjum starfsmenn og foreldra með börn sín til þess að ganga í leikskólann þegar veður leyfir
- ✚ Við hvetjum til þess að drepið sé á kyrrstæðum bílum til að minnka mengun
- ✚ Við kynnumst og tengjumst nærumhverfi okkar til dæmis með skipulögðum göngutúrum, heimsóknum og kynningum
- ✚ Við tölum saman um umhverfismál og náttúruna – allir hafa tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri
- ✚ Við vinnum markvisst að nokkrum meginverkefnum og stefnum og vinnum að því að tengja þau saman:



Fylgiskjöl

13. október 2022

Grænfána fundur / Krakkafundur

Mætt voru; Kristinn Núi, Theodóra Líf, Arney Elfa, Fríða Kristín, Bjarki Alexander og Brynjar Níels.

Starfsmenn: Ásta og Áslaug

Hvernig viljum við hafa leikskólann okkar.

BN: „ég vill að hafa hoppubelg í leikskólanum okkar, hlusta stundum á tónlist, ég vildi að það væri sundlaug inni í salnum og þá þarf að hafa sundföt“

FK: „mig langar í aparólu, ég vildi að það væri pínulítill rennibraut inni á Goðheimum“

AE: „Hoppukastali, ég vildi að það væri ávextir inni í kubba herbergi“

KN: „ég vildi að það væri svona til að hanga sig á eins og í grunnskólanum. Tré hús þar sem hægt er að renna sér niður með stiga og rólu líka og hengja teppi og sjónvarp úti. Ég vildi að það væri pizzuróla inni í salnum, ég vildi að það væri hengirúm til að skiptast á. Klifurveggur“

BA: „ég vil hafa fimm hús og svona að hægt að hvíla sig“

TL: „ég vildi að það væri fuglahús bara stórt, risa risa rennibraut í öllum heiminum, ég vildi að það væri alltaf rokk, ég vildi að það væri sundlaug með mörgum rennibrautum í salnum og öllum deildum, ég vildi að við gætum alltaf hangið og horft á sjónvarpið“

Getum við gert ALLT þetta? farið var í áhrifahringinn okkar sem við notum í Leiðtoganum í mér verkefninu og niðurstaðan var að við getum ekki gert allt þetta. Við getum ekki byggt fimmhæða hús eða búið til hoppukastala eða sundlaug. Það sem hægt væri að gera er t.d. að búa til hengirúm og getum fengið að horfa stundum á sjónvarp, við getum farið á hoppubelginn hjá grunnskólanum, við getum borðað ávexti í kubbaherberginu o.s.frv.

Hverju viljið þið ráða í leikskólanum:

TL: „að það væri hjóladagur, vildi að það væri fiskabúr og hafmeyju, Ráðið þið í leikskólanum mjög hissa, fara í leikshús“

KN: „ég vildi að það væri alltaf ávaxtastund, ég vildi að það væri alltaf föstudagur og það væri alltaf opið á milli deilda“

BA: „ég vildi fá alltaf súrt að drekka svo við verðum sterk“

Börnin virtust ekki alveg skilja spurninguna með að ráða í leikskólanum í hverju það fælist.

Hvernig eigum við að hafa næsta fund? Vera í salnum og sitja þar og hafa slökkt og gera

Október 2024

Gamli gátlistinn um **náttúruvernd**

Spurning	Skólahópur	Ljónahópur
Þekkið þið nöfnin á plöntum og gróðri í umhverfinu?	Kunnum nokkur blóm.	Fífíll, nokkrar fuglategundir
Bera starfsmenn og nemendur virðingu fyrir og passa upp á plöntur og gróður í umhverfinu?	Já, tínum rusl.	Já, tína rusl.
Þekkið þið bæinn/hverfið/nærumhverfið ykkar? Farið þið í leiðangra til að kynnst því betur?	Já	Já, ágætlega.
Hafið þið farið í ferðir út í náttúruna?	Já	Já
Ef já, hafið þið séð eitthvað sem á ekki heima í náttúrunni? Hvað hafið þið séð?	Já, rusl.	Rusl
Vitið þið hvaðan vatnið kemur og að við þurfum að fara vel með það?	Já úr sjónum.	Foss, sjóinn.
Vitið þið hvaðan rafmagnið kemur?	Rafmagn	Rafmagn
Kunnið þið að fara vel með náttúruna og passa upp á hana? Hvernig?	Týna ruslið.	Já, rusl í ruslatunnu.
Vitið þið hvaða dýrategundir og plöntutegundir búa hvar í nágrenninu?	Hestar, kindur, lömb, geitur. (Leikskólalóðin) : kisa, mús, rotta, fluga, padda, maurar, köngulær, ormar og sniglar.	(Leikskólalóðin) : kisa, hundur, könguló, lirfur, ormar, maríubjöllur, fuglar, krummi.